

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmálefna Eskifjarðarkaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipun bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Eskifjarðar skal skipuð sjö bæjarfulltrúum, kjörnum samkv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Bæjarstjórnin er almennt í fyrirsvari fyrir Eskifjarðarkaupstað og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni bæjarins, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangs-efni sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni sem henni eru fengin í samþykktum er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni bæjarstjórnar eru þessi:

A) Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.

1) Hún skal fyrir lok desembermánaðar ár hvert gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina, hvernig fjárveiting til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið og enn fremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.

2) Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur skuli innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins og/eða bæjarstofnana, eða með annarri ákvörðun bæjarstjórnarinnar. Enn fremur að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.

3) Hún skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en 30. júní ár hvert.

B) Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinnar verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk eftir því, sem ástæða þykir til.

C) Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Enn fremur skipar hún fasta starfsmenn skv. þeim reglum, sem um getur í 37. gr., og semur um laun þeirra.

D) Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinnar málefna bæjarins, ákveður lóðaleigu, gjaldskrár bæjarfyrirtækja, eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta, úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn. Sá er réttkjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmingis bæjarfulltrúa. Verði þeim at-

kvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest atkvæði fengu.

Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafn mörg atkvæði skal varpa hlutkesti um, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá réttkjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann nái ekki helming atkvæða. Verði atkvæðin jöfn ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseti er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða varaforseti, eða forfallast frá störfum bæjarstjórnar, áður en kjörtími þeirra er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er kjörtímabils hans.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í fundargerðabók, og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um að allt fari löglega fram og skipulega á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans undir úrlausn bæjarstjórnar ef vafi leikur á um skilning fundarskapa.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til 1 árs í senn á sama fundi og forsetakosningar fara fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er fram fara atkvæðagreiðslur í bæjarstjórn.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar og hafa skrifarar, í samráði við forseta, eftirlit með því að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal skráð hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitja fundinn, töluröð bæjarstjórnarfundar, svo og hver sé fundarritari og einnig það, sem forseti vill láta til bókar færa, þótt ekki sé til getið í dagskrá fundarins.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur fundi einu sinni í mánuði, nema í júlí og ágúst. Reglulegir fundir skulu að jafnaði haldnir fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði og hefjast kl. 16.00.

Aukafundi skal halda samkvæmt ákvörðun bæjarráðs, forseta bæjarstjórnar, bæjarstjóra, eða ef 3 bæjarfulltrúar hið fæsta krefjast þess.

Bæjarstjóri boðar fundi bæjarstjórnar.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Á dagskrá skal taka:

- 1) Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.

- 2) Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar skv. 2. gr. sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið.
- 3) Lögmætar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á að fjalla um að lögum.

Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð eigi síðar en kl. 12.00, miðvikudag næstan fyrir bæjarstjórnarfund. Bæjarstjóri skal í síðasta lagi kl. 19.00 tveim dögum fyrir boðaðan bæjarstjórnarfund hafa sent öllum bæjarfulltrúum og a. m. k. jafnmörgum varabæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, afrit af skýrslum og athugasemdir endurskoðenda svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá.

Ef ákveðinn verður aukafundur skv. 3. mgr. 7. gr., skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, sem send verði bæjarfulltrúum og varafulltrúum með 24. klst. fyrirvara.

Heimilt er þó að boða fund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál biður afgreiðslu, enda sé þess getið með fundarboðum, hvaða mál sé á dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð sem dagskrá segir nema að bæjarstjórn ákveði að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði enda samþykki $\frac{2}{3}$ viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

Bæjarstjóri og forseti bæjarstjórnar semja dagskrá bæjarstjórnarfunda.

9. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal auglýsa á sama hátt og venja er til um opinberar auglýsingar í kaupstaðnum með a. m. k. 24 klst. fyrirvara.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna, eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum skal úr því skorið með atkvæðagreiðslu án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað sé sérstaklega áskilið í samþykkt þessari.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávisunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og á móti fellur það nema við kosningu, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra, nefnda eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslu um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu nema hina árlegu fjárhagsáætlun, ársreikninga og reglugerðir sem hljóta skulu staðfestingar ráðherra.

Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða ein vika það skemmsta á milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hönd. Nafnakall skal viðhafa ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða tveir bæjarfulltrúar hið fæsta.

Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni er forseti metur gild.

Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem vill taka til máls á bæjarstjórnarfundum, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumenn svo og bæjarfulltrúa sem gera vill stutta athugasemd eða leiðréttu ummæli um sjálfan sig.

Ef tveir eða fleiri hafa kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt þá er hann talar nema forseti ákveði að hann skuli flytja ræðu sína úr ræðustóli.

Bæjarstjórn getur heimilað, ef $\frac{2}{3}$ bæjarfulltrúa samþykkja, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundum, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Framsögumaður eða flutningsmaður tillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd.

Bæjarstjóri, sem ekki er jafnframt bæjarfulltrúi, skal hafa málfrelsi á bæjarstjórnarfundum til jafns við bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Ekki má lesa upp prentað mál á bæjarstjórnarfundum nema forseti leyfi.

16. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt til að umræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er, lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo að hún standi skemur en tvo tíma meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta sbr. 1. og 2. mgr. umræðulaust.

Hver bæjarfulltrúi getur borið fram slíka tillögu og skal hún einnig afgreidd umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun á ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

17. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigsllum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er vittur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við bæjarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skál sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

18. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að allar umræður í bæjarstjórn skuli skrásettar. Má þá ekkert niður fella, sem fram hefur komið á fundi bæjarstjórnar, og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður skuli gefnar út á prenti, ásamt því, sem fært hefur verið í gerðabók, svo og önnur skjöl eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

Ef bæjarstjórn ákveður slíka útgáfu skal hún jafnframt kjósa nefnd tveggja bæjarfulltrúa til að hafa umsjón með útgáfunni.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundir séu teknir á segulband til geymslu einhvern ákveðinn tíma.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund, þar sem umræður hafa verið skrásettar samkvæmt framanrituðu, skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjöllum hennar.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

19. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögleg föll hamli.

Honum er skylt að taka að sér störf sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem hefur verið forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða öðrum nefndum, getur þá skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Bæjarfulltrúum er skylt að koma þrúðmannlega fram á bæjarstjórnarfundum, gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga, sem þeir kynnu að fá vitneskju um sem bæjarfulltrúar.

Þá er þeim og skylt að gæta hagsmuna og velferðar bæjarins út á við sem inn á við, eftir sinni bestu getu, vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála, sem upp kunna að koma milli bæjarstjórnarfulltrúa, og hafa í huga, að heill bæjarins er ofar togstreitu stjórnmalanna.

20. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf bæjarins og stofnana hans.

21. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn skv. ákvörðun hennar.

22. gr.

Ef bæjarfulltrúi kosinn í nefnd eða til annarra starfa forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum á hann rétt á að tilnefna mann af sama

lista og hann var kjörinn til að taka sæti hans á meðan enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt fer um varamenn skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem þess óskar, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI

Bæjarráð.

24. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júní ár hvert skal kjósa þrjá menn í bæjarráð og þrjá til vara hlutfallskosningu. Kosning bæjarráðs gildir uns nýtt bæjarráð hefur verið kjörið. Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarráðs og stjórna þeim.

Bæjarráð skal halda fundi hálfsmánaðarlega og jafnan á mánudegi.

Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri ákveður það eða ef bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið fundarritara utan bæjarráðs. Í gerðabók skal greina frá því hvar fundur er haldinn og hvenær, tölu funda, hverjir sitja fundinn og hver sé fundarritari. Þá skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Bæjarráð getur leyft að flokkur, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki fulltrúa í bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétti.

25. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjórn með framkvæmdastjórn Eskifjarðarkaupstaðar að því leyti sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð skal gera tillögur til bæjarstjórnar í þeim málum, sem fyrir bæjarráði kunna að liggja.

Bæjarráð getur þó tekið lokaafgreiðslu í þeim málum, sem bæjarstjórn hefur vísað til þess til fullnaðarafgreiðslu.

26. gr.

Bæjarráð annast umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbúning fjárhagsáætlana, gerir tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins, semur skýrslu um eignir og skuldir bæjarins, svo og eftirlit með bókhaldi hans og innheimtu gjalda. Enn fremur stjórn og umsjón með vegamálum bæjarins, vinnuvélum bæjarins, holræsum, götum, vatnsveitu, sjúkrahúss- og elliheimilismálum, barnaleikvöllum og dagheimili, allt eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar og reglugerðum þar að lútandi.

Í þeim tilvikum, að sérstökum nefndum bæjarstjórnarinnar er falið að hafa með höndum fyrrgreinda málaflokka, skal bæjarráð fjalla um fjárhagshlið málanna.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn hvernig varið skuli fé til verklegra framkvæmda að því leyti sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

27. gr.

Skytt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef það eða bæjarstjóri óskar þess þegar til umræðu eru þau málefni, sem störf þeirra snerta.

V. KAFLI

Um bæjarstjóra.

28. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími hans skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar. Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma.

Ráðningarsamningur er þó uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara. Á ráðningarkjörtímabilinu þarf uppsögn ráðningarsamnings tvær umræður í bæjarstjórn.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo og að bæjarstjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar, getur þá ráðherra ákveðið að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

29. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekið mál.

Skýlt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn daglegan viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofu bæjarins.

30. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt. Hann á einnig sæti í fastanefndum.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt í bæjarstjórn, bæjarráði eða fastanefndum nema hann sé til þess kjörinn.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda.

31. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri felld slíka ályktun úr gildi um sinn og skal þessi ákvörðun færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðuneytinu skýrslu og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni afrit af skýrslunni svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til ráðuneytisins.

32. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar má ekki greiða nema til komi samþykkt bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði nema bæjarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

33. gr.

Bæjarstjóra er heimilt í samráði við bæjarráð að fela öðrum að gegna störfum sínum um skemmri tíma. Stendur sú ákvörðun óhöggun nema bæjarráð ákveði aðra tilhögun. Ef um lengri forföll en tvo mánuði er að ræða skal bæjarstjórn setja mann til að gegna starfi hans.

VI. KAFLI

Endurskoðendur.

34. gr.

Bæjarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn til að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs 3. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

35. gr.

Bæjarráði er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga kaupstaðarins og fyrirtækja hans sbr. 26. gr. Jafnframt getur það falið honum að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og gæta þess að kröfum í lögum og reglum um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga sé fullnægt. Senda skal hann bæjarráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en bæjarráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til bæjarstjórnar.

VII. KAFLI

Nefndir.

36. gr.

Bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu eftirtaldar nefndir og starfsmenn, til að fara með tiltekin mál eftir því sem lög mæla fyrir og samkvæmt sérstakri samþykkt bæjarstjórnar í júní ár hvert.

Til eins árs:

1. Þrjá menn í bæjarráð og þrjá til vara.
2. Þrjá menn í framtalsnefnd og þrjá til vara.
3. Þrjá menn í hafnarnefnd og þrjá til vara.
4. Fjöra menn í bygginganefnd og fjóra til vara.

Til fjögurra ára:

1. Tvo menn í forðagæslunefnd, tvo til vara.
2. Fjöra menn í brunamálanefnd, fjóra til vara.
3. Sex menn í skólanefnd, sex til vara.
4. Tvo menn í sáttanefnd, tvo til vara.
5. Þrjá menn í heilbrigðisnefnd, þrjá til vara.
6. Fimm menn í íþróttavallarnefnd, fimm til vara.
7. Fimm menn í byggingarnefnd skólahúsnaðis, fimm til vara.
8. Fimm menn í félagsmálaráð, fimm til vara.
9. Fimm menn í byggðasögunefnd, fimm til vara.
10. Þrjá menn í félagsheimilisnefnd, þrjá til vara.
11. Þrjá menn í umferðarnefnd, þrjá til vara.
12. Þrjá menn í bókasafnsstjórn, þrjá til vara.
13. Þrjá menn í dvalarheimilisnefnd, þrjá til vara.
14. Tvo menn í skólanefnd tónlistarskóla, tvo til vara.
15. Fimmtán menn í sjó og verslunardómsnefnd.
16. Þrjá menn í ferðanefnd aldraðra, þrjá til vara.
17. Einn mann í millimat, einn til vara.
18. Einn mann í stjórn heilsugæslustöðvar, einn til vara.
19. Einn mann í gæslunefnd Hólmaness, einn til vara.
20. Einn mann í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands, einn til vara.
21. Einn mann á aðalfund Hafnasambands sveitarfélaga, einn til vara.
22. Einn mann á landsfund Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn til vara.

Aðrar nefndir, sem starfa á vegum bæjarstjórnar, skulu kjósa sér formann. Formenn skulu sjá um að nefndir séu boðaðar til fundar. Ef tveir nefndarmenn hið fæsta

óska eftir að fundur sé haldinn í nefnd þeirri, sem þeir eiga setu í, geta þeir farið fram á það við nefndarformann og skal hann þá boða nefndina saman til fundar eins fljótt og auðið er.

Einnig getur bæjarstjóri boðað að fundir skuli haldnir í nefndum, ef honum þykir ástæða til að ræða ýmis bæjarmál.

37. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglugerðir að ræða getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefnda er óákveðinn skal litið svo á að umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á að starfi hennar ljúki fyrst er verkefnið er til lykta leitt.

38. gr.

Allar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í sérstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

VIII. KAFLI

Um starfsmenn bæjarins.

39. gr.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins, og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði og forstöðumönnum bæjarstofnana, að ráða í ákveðnar stöður.

Fastar stöður skulu að jafnaði vera auglýstar til umsóknar en heimilt er þó bæjarstjórn (bæjarráði) að skipa í stöðu án slíkrar auglýsingar. Bæjarstjórn (eða bæjarráð) getur ákveðið hver almenn skilyrði skulu gilda um skipan í stöður hjá bænum svo og sérskilyrði er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Um réttindi og skyldur starfsmanna bæjarstjórnar gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar starfssvið þeirra.

Skýlt er mönnum að hlýða breytingum á starfssviði sínu enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

IX. KAFLI

Breytingar á samþykktinni.

40. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. október 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

8. október 1974.

Nr. 303.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Rangárvallahreppi í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Hreppsnefndin kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tilgjöf, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu sem hreppsnefndin ákveður fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiðast úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hreppsnefndar hönd gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningur samþykktur af hreppsnefnd. Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

7. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og sinnir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo